

Reglur um styrki til náms, verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir

1.gr. Lagagrundvöllur

Reglur þessar byggja á 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þar er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir: Skv. 25 gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

- Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
- Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Við framkvæmd reglna þessara skal framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og þá sérstaklega samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

21. gr. Markmið og forsendur

Markmið reglnanna er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér út um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika sína til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- Sótt sér menntun
- Viðhaldið og aukið við þekkingu og færni
- Nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu

32. gr. Hverjir eiga kost á styrk.

Einstaklingur sem býr við fötlun og þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar geti sótt um styrk samkvæmt reglum þessum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum.

- Eiga lögheimili í sveitarfélaginu
- Hafa náð 18 ára aldri
- Hafa varanlega örorku

Rétt til styrks samkvæmt reglum þessum á hver sá einstaklingur sem býr við andlega eða líkamlega fötlun, sbr. lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, og þarf sértækan stuðning af þeirri ástæðu auk eftirfarandi skilyrða:

1. Á lögheimili í Kópavogi.

2. Er 18 ára eða eldri.

3. Er fatlaður í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

nr. 38/2018.

Styrkir eru ekki veittir í stað starfsendurhæfingarúrræða samkvæmt lögum eða reglum sem gilda á vinnumarkaði né í stað endurhæfingarúrræða sem heilbrigðisþjónustan ber ábyrgð á að veita.

3. gr.

Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá styrk.

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru að uppfylltum einu eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

- Styrkur vegna starfsemi sem skapar viðkomandi atvinnu (verkfæra- og tækjakaup).
- Að fyrir liggi staðfesting á skráningu í nám eða námskeið áður en styrkur er greiddur út.
- Að líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.
- Að sýnt sé fram á að aðstoðin sé einstaklingsbundin en renni ekki til fyrirtækis.
- Umsækjandi eða talsmaður hans lýsi því yfir að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir t.d. í sjóði stéttarfélaga, lögbundin framlög vegna hjálpartækja og láns hæft nám. Taka skal tillit til takmarkana á möguleikum umsækjanda til að stunda fullt láns hæft nám vegna fötlunar.

4. gr.

Umsóknarferli

Auglýst er eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári á heimasíðu bæjarins og í staðarblöðum. Umsóknir sem berast fyrir 1. október ár hvert eiga kost á úthlutun það ár. Hægt er að sækja um í styrkinn í september og er umsóknum úthlutað í október ár hvert. Sótt er um rafrænt á heimasíðu sveitarfélagsins. Starfsmenn geta aðstoðað umsækjanda við að sækja um. Starfsmenn veita umsækjanda jafnframt upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar.

5. gr.

Fylgigögn umsóknar

Öllum umsóknum skulu ~~u~~ fylgja:

- ~~U~~upplýsingar frá umsækjanda og/eða fagaðilum þar sem fram kemur mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda.
- Vottorð frá fagaðila um staðfestingu á fötlun.

~~Önnur~~ fylgigögn taka mið af tegund styrks sem sótt er um og þurfa að liggja fyrir áður en styrkur greiddur.

Styrkur vegna náms:

- Námsvottorð. Staðfesting frá skóla um skráningu í nám.
- Frumrit af kvittun fyrir námskeiðs- eða skólagjöldum.

Styrkur vegna verkfæra- og tækjakaupa:

- Frumrit af kvittun fyrir verkfæra- og tækjakaupum.

6. gr. Úthlutun styrkja

Tekið er tillit til eftirfarandi viðmiða við úthlutun styrkja:

- Heildarfjárhæð til úthlutunar er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs.
- Úthlutað er einu sinni á ári á grundvelli auglýsinga
- Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings oftari en á tveggja ára fresti.
- Veita má árlega styrki til náms ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggi staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok
- Að líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.
- Komið til að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna eða vegna röskunar á forsendum fyrir úthlutun er heimilt að forgangsraða umsóknum eða lækka styrkupp hæð til hvers og eins.

78. gr. Mat og afgreiðsla

Styrkur er einungis greiddur inn á persónulegan reikning umsækjanda samkvæmt framlagðri staðfestingu eða kvittun fyrir kaupum.

Réttur til úthlutunar fyrnist sé ekki sótt um styrk innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað. Réttur til greiðslu fyrnist ef fylgigögnum og nauðsynlegum upplýsingum hefur ekki verið skilað fyrir lok umsóknarfrests.

89.gr. Endurkröfur

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að endurkrefja styrkhafa um styrk sem veittur hefur verið á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkþega eða ef styrkur er nýttur í annað en umsókn gerir ráð fyrir.

9.gr. Áfrýjun

~~Sé umsókn hafnað skal ákvörðun rökstudd með skýrum hætti. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun um afgreiðslu umsóknar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Umsækjanda skal kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarráðuneytisins þegar niðurstaða sveitarfélagsins liggur fyrir. Kærufrestur til úrskurðarnefndar er þrír mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun sveitarfélagsins.~~

10. gr. Endurupptaka

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla velferðarsviðs á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á aðstæðum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

11. gr. Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarsviðs til velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs innan fjögurra vikna frá því að ákvörðun er tilkynnt. Niðurstöðu ráðsins má kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að notanda var kunngerð ákvörðun velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs.

1110. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar samkvæmt skv. 25 gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn 22.12.2020. Reglur þessar voru uppfærðar í bæjarstjórn xx.xx.2026.